

SKÝRSLA UM STÖRF UNÐANÞÁGUNEFNÐAR ÁRIÐ 2012

Í 14. gr. laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa nr. 30/2007 er kveðið á um að samgönguráðherra skipi fimm manna undanþágunefnd til þriggja ára í senn. Undanþágunefndinni er heimilt í undantekningartilvikum og að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að veita manni, sem ekki hefur tilskilin réttindi til skipstjórnar- eða vélstjórnarstarfa, undanþágu til að gegna stöðunni á tilteknu skipi í tiltekinn tíma. Um undanþágur gildir reglugerð no 1104 dags. 2. desember 2010 og starfsreglur undanþágunefndar dags. 3. mars 2011

Nefndin var skipuð átta mönnum, fjórum aðalmönnum og fjórum til vara. Helgi Jóhannesson var formaður til 1. janúar 2012 og Sævaldur Elíasson varaformaður til sama tíma. Ekki hafa verið skipaðir menn í þeirra stað. Fundir eru haldnir vikulega, á miðvikudagsmorgnum og þá sitja fjórir nefndarmenn auk ritara. Aðalmenn eru Guðfinnur G Johnsen og Björn Jónsson tilnefndir af Landsambandi íslenskra útvegsmanna, Guðjón Ármann Einarsson tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Guðmundur Ragnarsson tilnefndur af VM Félagi vélstjóra og málmæknimanna. Ritari nefndarinnar er Sævaldur Elíasson, en Betsy Ósk Hilmarsdóttir í hans fjarveru.

Staða	Fjöldi umsókna	Samþykktar umsóknir	Ekki samþykktar umsóknir
Skipstjóri	8	2	6
Yfirstýrimaður	63	49	14
2. stýrimaður	25	23	2
Samtals	96	74	22

Staða	Fjöldi umsókna	Samþykktar umsóknir	Ekki samþykktar umsóknir
Yfirvélstjóri	62	49	13
1. vélstjóri	84	79	5
2. vélstjóri	52	51	1
Vélarvörður	70	63	7
Samtals	268	242	26
Heildarfjöldi	364	316	48

Undanþágunefndinni bárust 364 umsóknir, en engin þeirra voru óþörf.

Afgreiddar voru 96 umsóknir til skipstjórnarstarfa og 268 til vélstjórnarstarfa, sem dreifðust nokkuð jafnt yfir ársfjórðungana. Á fyrri hluta ársins voru 153 umsóknir afgreiddar en á þeim seinni voru 211 umsóknir teknar til afgreiðslu. Nánast sami fjöldi var af undanþágum og árið 2011, en þá var fjöldi umsókna alls 363 sem er fjölgun um 1 undanþágu.

Undanþágunefndin kom saman til funda einu sinni í viku og voru fundir haldnir í húsakynnum Siglingastofnunar Íslands að Vesturvör 2 í Kópavogi. Venjan er sú að ef engar umsóknir berast þá hefur fundi verið frestað en slíkt gerðist aldrei á árinu 2012. Alls voru haldnir 52 fundir á árinu. Ef mikið lá á að afgreiða fyrirbyggjandi umsóknir, og beiðni þess efnis barst, var á milli funda haft samband við nefndarmenn símleiðis eða með tölvupósti og umsóknin afgreidd til bráðabirgða og hún síðan aftur lögð fyrir nefndina á næsta fundi til endanlegrar afgreiðslu.

Kópavogi, 4. janúar 2013

F.h. undanþágunefndar


Björn Jónsson


Guðfinnur G. Johnsen


Guðjón Ármann Einarsson


Guðmundur Ragnarsson

Sævaldur Elíasson, ritari

